

Skilmálar fyrir fráveitu á Akureyri

sjá einnig reglugerð um fráveitu á Akureyri nr. 87/1990

Helstu skilmálar um tengingu við fráveitu á Akureyri

Norðurorka hf. starfrækir fráveitu á Akureyri og fer í umboði Akureyrarbæjar með þær heimildir og skyldur sem felast í lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitu nr. 9/2009 ásamt síðari breytingum og reglugerð um fráveitur sveitarfélaga nr. 982/2010.

Um skyldu til að hindra að í fráveitu berist mengandi efni, s.s. olíur, hreinsiefni o.s.frv. gilda ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitu og skólþ.

Fráveitan veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólþ, iðnaðarskólþ, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitur og ræsisvatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólþi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn, en tvöföld fráveita veitir skólþi og ofanvatni í tveim aðskildum fráveitulögnum.

Norðurorka hf. á allar holræsalagnir fráveitunnar, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

Þar sem fráveitan nær til, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir, skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Norðurorka hf. ákveður legu götufráræsa og tengigreina.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði, þar sem fráveitan liggur um, er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita, skulu húseigendur halda skólþi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráræsislögn og tengja hana tvöfalda fráveitukerfinu.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitukerfinu, skal húseigandi á sinn kostnað leiða fráveituvatn frá húseigninni að safnbrunni með sjálfvirkum dælubúnaði, sem dælir fráveituvatninu að brunni, þannig staðsettum, að hægt sé að veita fráveituvatninu frá honum í fráveitukerfi Norðurorku.

Þar sem fráveitukerfið nær ekki til, skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur að viðurkenndum viðtaka.

Þegar fráveitukerfi er lagt til staða þar sem það hefur ekki náð áður, skulu húseigendur kosta og tengja fráræsi húseigna við hana.

Þegar tengja skal fráræsi húseigna við fráveitu eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró, sé þess ekki kostur að tengja fráræsislögn frá húseign við fráveituna, skal sækja um það til þjónustuværs Norðurorku á þar til gerðum eyðublöðum, sem þar eru látin í té.

Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráræsum frá húseignum, sem tengja á fráveitu Norðurorku.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar, er sýni gerð þeirra og staðsetningu og síturleiðslur að viðtaka, auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða.

Hönnun og teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna samkvæmt ákvæðum laga um mannvirki nr. 160/2010, ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 ásamt síðari breytingum og ákvæðum byggingarskilmála.

Byggingarfulltrúi hefur eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar, skal hann einnig taka út og viðurkenna fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveituna eða rotþrær.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því, að fráveitulagnir séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald sbr. nánari ákvæði í lögum um rekstur og uppbyggingu fráveitu nr. 9/2009. Norðurorku er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa yfirborð til fyrra horfs eins og við verður komið.

Ekki er heimilt að veita fráveituvatni frá húseignum í fráveitukerfið, ef það inniheldur mikið af fitu frá stórum eldhúsum og matvælaíðnaði, súrum vökvum og öðrum hættulegum efnaúrgangi frá iðnaðar- og framleiðslustarfsemi, bensíni og olíum frá bensínstöðvum, bifreiðaverkstæðum og smurstöðvum, sandi frá þvottaplönnum eða öðru sem valdið getur skemmdum og rekstrartruflunum á fráveitu bæjarins og skaðlegri mengun á viðtaka (sjá nánar reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir).

Þar sem hætta er á að fráveituvatn innihaldi ofangreind efni, ber eiganda húseignar að gera ráðstafanir til að fjarlægja þau eða gera óskaðleg, áður en fráveituvatninu er veitt í fráveitukerfið.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og sjá um hreinsun á fráræsum og gæta þess að þau stíflist ekki.

Rotþrær ber að hreinsa að minnsta kosti einu sinni á ári. Skiljur á fráæsislögnum ber að hreinsa reglulega þannig að tryggt sé að hreinsibúnaðurinn gegni hlutverki sínu.

Þar sem hætta er á, að fráveituvatn frá fráveitu bæjarins flæði til baka um fráæsis-lagnir frá húseignum, vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu, skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum (einstreymislokum) við gólfniður-föll eða öðrum þeim stöðum þar sem flóðahætta getur skapast.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem holræsalagnir fráveitunnar liggja, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við rekstur, viðhald og uppbyggingu fráveitunnar.

Eigendur fasteigna, sem ekki eiga þess kost að tengja fráæsi húseigna sinna við fráveituna eru undanþegnir fráveitugjaldi.

Fráveitugjaldið samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og síðan gjald sem miðast við stærð eignar (m^2 -gjald). Hámark fráveitugjalds er 0,5% af fasteignamati matshluta eignar. Liggi ekki fyrir upplýsingar um flatarmál fasteignar í fasteignaskrá skal gjaldið taka mið af fasteignamati, þ.e. vera 0,15% af fasteignamati matshluta.

Tengigjald er greitt í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitu nr. 9/2009.

Gjalddagar fráveitugjalds eru þeir sömu og fasteignagjalda og sér Akureyrarbær um innheimtu þess samkvæmt sérstöku samkomulagi við Norðurorku. Innheimtu fráveitugjaldsins er hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjaldsins.

Innheimt er tengigjald fráveitu í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitu nr. 9/2009.

Akureyri janúar 2015